

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

1860-102404-MIN-001-V01

DAGS.

05.09.2023

MÁLEFNI

EFNI

Drög að viðbrögðum vegna umsagna og athugasemda við deiliskipulagið Austurhluti Breiðdalsvíkur, deiliskipulag íbúðar- og atvinnusvæða.

SVEITARFÉLAG

Fjarðabyggð

Drög að svörum vegna umsagna og athugasemda við deiliskipulagstillögu, ásamt öðrum breytingum á skipulagi.

UMSAGNARAÐILI / ATHUGASEMDARÁÐILI- DAGS	ATHUGASEMD (HELSTU PUNKTAR)	VIÐBRÖGÐ OG BREYTINGAR VEGNA UMSAGNA/ATHUGASEMDA
Umhverfisstofnun (UST) – 31.07.23	<i>Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé ítarlegar um fráveitumál í greinargerð deiliskipulagsins. Minnir á að uppbygging og rekstur fráveitna sé á ábyrgð sveitarfélagsins og að úrbóta sé þörf á Breiðdalsvík. Síðan bendir UST á skoða aðrar náttúrulegar lausnir t.d. blágrænar ofanvatnslausnir þar sem of mikið aðkomuvatn í fráveitukerfi eykur kostnað við fráveituhreinsun og þyngir reksturinn.</i>	Þakkað er fyrir ábendingar. Varðandi fráveitumál á Breiðdalsvík, þá er hönnun á sameiginlegri útrás fyrir þéttbýlið lokið og búið er að ákveða staðsetningu á hreinsivirki. Stefnt er á að framkvæmdir við nýja útrás verði í ár og á næsta ári er gert ráð fyrir að komið verði upp nýju hreinsivirki. Staðsetning fyrirhugaðra fráveitumannvirkja er fyrir utan deiliskipulagsmörkin og er þar af leiðandi engra breytinga þörf. Í greinargerð verður bætt við kafla um regnvatn þar sem bent er á þann kostnað að veita ofanvatni ofan í jarðveginn í stað fráveitukerfis.
Míla – 28.06.23	<i>Á svæðinu eru ljósleiðarastrengir með stofnsamböndum og heimtaugar. Míla óskar eftir samráði áður en framkvæmdir hefjast.</i>	Þakkað er fyrir ábendingar Engra breytinga er þörf.
Vegagerðin – 09.08.23	<i>Vegagerðin gerir ekki athugasemd við framlagt deiliskipulag.</i>	Engra breytinga er þörf.
Landsnet – 02.08.23	<i>Fyrirhugað skipulagssvæði liggur fjarri línunum Landsents og snertir því ekki rekstur flutningskerfisins.</i>	Engra breytinga er þörf.

Minjastofnun Íslands (MÍ) – 11.08.23	<i>Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við tillöguna.</i>	Engra breytinga er þörf.
Rarik – 02.08.23	<i>Rarik gerir ekki athugasemd við tillöguna en bendir á að rafstrengir séu inni á svæðinu. Bent er á að áður en farið sé í framkvæmdir þurfi að hafa samband við Rarik varðandi hugsanlega færslu eða endurnýjun strengja. Þá er bent á að sveitarfélagið ber kostnað af færslu rafstrengja vegna skipulagsbreytinga innan þéttbýlis.</i>	Þakkað er fyrir ábendingar. Engra breytinga er þörf.
Hákon Hansson – 07.08.23	<i>Hákon leggur til að lögð verði meiri áhersla á verndun útivistarsvæðisins Bakkans. Í sumar hafi verið framkvæmdir og telur Hákon að þær framkvæmdir séu í ósamræmi við auglýst deiliskipulag og að búið sé að valda óafturkræfu tjóni á Bakkanum. Síðan leggur Hákon til að í deiliskipulagsskilmálum verði felldur út eftir farandi texti: „Heimilt er að koma upp runnagróðri og stökum þyrpingum af lágvöxnum trjám“. Þar sem nóg er af skógræktarsvæðum innan þorpsins. Síðan leggur Hákon til að Bakkinn verði hverfisverndaður. Til þess að komið verði í veg fyrir frekari röskun á Bakkanum nema með undangenginni kynningu fyrir íbúum.</i>	Þakkað er fyrir ábendingar. Í aðalskipulagi Fjarðabyggðar er svæðið skilgreint sem opið svæði með eftirfarandi skilmálum: Útivistar og leiksvæði. Tjörn, fjara og votlendi skal varðveitt. Að svo stöddu er ekki talin frekari ástæða til verndunar Bakkans. Um árábil hafa íbúar kallað eftir viðhaldi og uppbyggingu stígakerfis umhverfis tjörnina. Þær framkvæmdir sem ráðist var í, voru til þess fallnar að bæta aðgengi og öryggi á svæðinu. Nánari upplýsingar um framkvæmdirnar veitir Verkefnastjóri umhverfismála hjá Fjarðabyggð. Í greinargerð verður bætt við texta þess efnis að heimilt sé að koma upp stökum þyrpingum af runnagróðri. Í staðinn verði felldur út eftirfarandi texti: „Heimilt er að koma upp runnagróðri og stökum þyrpingum af lágvöxnum trjám“.